# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR
## 2006

APRÍL 2007

# Reykjavíkurborg

## ÁRSREIKNINGUR 2006

**EFNISYFIRLIT**


| | bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun borgarstjóra ........................................ | 2 |
| Áritun borgarstjórnar ........................................ | 3 |
| Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna ........................................ | 4 |
| Rekstrarreikningur ........................................ | 5 |
| Efnahagsreikningur ........................................ | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi ........................................ | 8 |
| Skýringar ........................................ | 9 |

# Skýrsla og áritun borgarstjóra

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga.  Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A hluta og B hluta.  Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en í B hluta eru fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Samkvæmt rekstrarreikningi A hluta voru rekstrartekjur 50.224 millj. kr. á árinu 2006, en þar af námu skatttekjur 40.508 millj. kr.  Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%, en lögbundið hámark er það sama.  Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,25% í A-flokki, 0,44% í B-flokki og 1,65% í C flokki.  Lögbundið hámark þess er 0,625% í A-flokki, 0,44% í B-flokki og 1,65% í C flokki.  Rekstrartekjur A og B hluta námu samtals 73.080 millj. kr. á árinu.

Rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 2.287 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A og B hluta var neikvæð um 4.317 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld A hluta á árinu voru samtals 31.817 millj. kr., en þar af nemur breyting lífeyrisskuldbindingar 7.097 millj. kr.  Fjöldi starfsmanna A og B hluta var 7.533, en þar af voru starfsmenn A hluta 6.254.

Heildareignir A og B hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi námu í árslok 2006 samtals 266.927 millj. kr., heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 145.091 millj. kr.  Eigið fé nam 121.837 millj. kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 7.538 millj. kr.

Þann 1. desember 2006 var fjöldi íbúa í Reykjavíkurborg samtals 116.446.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 30. apríl 2007

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
borgarstjóri

# Áritun borgarstjórnar

Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006 er hér með staðfestur með undirritun.

Reykjavík, 29. maí 2007

Borgarstjórn

# Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna

Til borgarstjórnar Reykjavíkur.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun borgarstjóra, áritun borgarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Reykjavíkurborgar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2006, efnahag hennar 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 30. apríl 2007

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Gerður Guðjónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Guðmundur Snorrason
löggiltur endurskoðandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Reykjavíkurborgar, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 30. apríl 2007

Ari Skúlason

Sævar Þ. Sigurgeirsson

# Rekstrarreikningur ársins 2006

| | Skýr | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **Ársreikningur 2006** | **Fjárhagsáætlun 2006** | **Ársreikningur 2006** | **Fjárhagsáætlun 2006** |
| **REKSTRARTEKJUR** | 2,22,37 | | | | |
| Skatttekjur ........................................................ | | 40.507.862 | 38.722.791 | 40.186.763 | 38.478.699 |
| Aðrar tekjur ........................................................ | | 9.716.254 | 8.269.079 | 32.892.939 | 31.271.780 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | **50.224.116** | **46.991.870** | **73.079.701** | **69.750.479** |
| **REKSTRARGJÖLD** | 3 | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................................... | 23 | 31.817.053 | 26.305.303 | 38.415.264 | 32.303.354 |
| Annar rekstrarkostnaður .................................... | | 19.618.673 | 19.043.250 | 24.448.128 | 26.395.519 |
| Afskriftir ............................................................ | 8,27-30 | 2.237.089 | 2.106.338 | 8.279.529 | 7.233.073 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **53.672.814** | **47.454.891** | **71.142.921** | **65.931.946** |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .......................... | | ( 3.448.699 ) | ( 463.021 ) | 1.936.780 | 3.818.533 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .................. | 4,24 | 1.162.004 | 1.772.516 | ( 11.974.516 ) | ( 2.124.854 ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir skatta og áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 2.286.695 ) | 1.309.495 | ( 10.037.736 ) | 1.693.679 |
| Tekjuskattur ........................................................ | 42 | | | 3.793.541 | ( 10.446 ) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga .................. | 9,25 | | | 1.663.264 | 191.000 |
| Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga ....... | | | | 264.428 | ( 107.719 ) |
| **Rekstrarniðurstaða** .............................................. | 26,38 | **( 2.286.695 )** | **1.309.495** | **( 4.316.503 )** | **1.766.514** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

**Eignir**

| | Skýr | A hluti Ársreikningur 2006 | A hluti Ársreikningur 2005 | A og B hluti Ársreikningur 2006 | A og B hluti Ársreikningur 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **FASTAFJÁRMUNIR** | | | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | | | |
| Þróunarkostnaður | 5,27 | 0 | 0 | 0 | 68.712 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6,7,8 | | | | |
| Fasteignir | | 48.761.319 | 48.166.525 | 88.677.158 | 86.175.956 |
| Veitukerfi | | 0 | 0 | 120.445.803 | 79.924.926 |
| Gatnakerfi | | 3.939.728 | 3.407.750 | 4.270.067 | 3.605.311 |
| Áhöld og tæki | | 924.952 | 798.824 | 4.654.639 | 4.049.146 |
| | 28,29 | **53.625.999** | **52.373.098** | **218.047.667** | **173.755.339** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutar í félögum | 9,35 | 20.605.046 | 20.506.781 | 27.899.764 | 26.790.291 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | 10,36 | 1.527.534 | 7.450.077 | 0 | 0 |
| Tekjuskattsinneign | 17,42 | 0 | 0 | 2.422.110 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10,11,36 | 443.517 | 145.922 | 976.496 | 450.162 |
| | | **22.576.096** | **28.102.780** | **31.298.370** | **27.240.452** |
| **Fastafjármunir samtals** | | **76.202.096** | **80.475.878** | **249.346.037** | **201.064.503** |
| **VELTUFJÁRMUNIR** | | | | | |
| Birgðir | 12 | 0 | 0 | 831.533 | 675.575 |
| Skammtímakröfur: | 11,13,37 | | | | |
| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | | 7.970.166 | 4.831.747 | 11.218.299 | 7.474.091 |
| Næsta árs afborganir langtímakr. á eigin ft. | | 328.030 | 111.969 | 0 | 0 |
| Næsta árs afborganir annarra langtímakr. | | 435.495 | 142.585 | 777.827 | 320.455 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 277.625 | 309.795 | 0 | 0 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 0 | 196.621 | 20.000 | 196.621 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.349.390 | 1.491.453 | 2.033.974 | 2.033.071 |
| Handbært fé | 14 | 1.488.018 | 1.244.431 | 2.699.821 | 2.596.649 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **12.848.723** | **8.328.601** | **17.581.454** | **13.296.461** |
| **EIGNIR SAMTALS** | | **89.050.819** | **88.804.480** | **266.927.492** | **214.360.964** |
| ***Eignir utan efnahagsreiknings*** | 15 | | | | |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

**Eigið fé og skuldir**

| | Skýr | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | **Ársreikningur 2006** | **Ársreikningur 2005** | **Ársreikningur 2006** | **Ársreikningur 2005** |
| **EIGIÐ FÉ** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur ............................................. | 38 | 33.717.806 | 35.964.655 | 114.299.243 | 97.447.492 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga ........ | | | | 7.537.603 | 6.160.919 |
| **Eigið fé samtals** | | **33.717.806** | **35.964.655** | **121.836.846** | **103.608.412** |
| **SKULDBINDINGAR** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding .......................................... | 16,39 | 37.867.182 | 31.721.345 | 38.508.939 | 32.251.511 |
| Aðrar skuldbindingar ......................................... | 17,42 | 46.117 | 45.637 | 174.224 | 91.002 |
| **Skuldbindingar samtals** | | **37.913.299** | **31.766.982** | **38.683.163** | **32.342.514** |
| **LANGTÍMASKULDIR** | | | | | |
| Langtímaskuldir við lánastofnanir ..................... | 18,40 | 8.155.361 | 13.947.775 | 85.966.631 | 63.970.359 |
| **Langtímaskuldir samtals** | | **8.155.361** | **13.947.775** | **85.966.631** | **63.970.359** |
| **SKAMMTÍMASKULDIR** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir .................................... | | 0 | 0 | 1.252.883 | 635.240 |
| Viðskiptaskuldir ................................................. | | 2.434.125 | 2.417.123 | 4.667.010 | 4.029.272 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .................. | 41 | 1.285.346 | 614.352 | 7.436.954 | 3.905.947 |
| Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .............. | 39 | 790.855 | 657.269 | 809.482 | 673.128 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki .................................. | | 90.140 | 97.801 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir .................................... | | 4.663.886 | 3.338.521 | 6.274.521 | 5.196.092 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | **9.264.352** | **7.125.068** | **20.440.851** | **14.439.679** |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | **55.333.013** | **52.839.824** | **145.090.646** | **110.752.552** |
| **EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS ............** | | **89.050.819** | **88.804.480** | **266.927.492** | **214.360.964** |
| ***Skuldbindingar utan efnahagsreiknings ................*** | 19,43-45 | 153.302.842 | 90.385.960 | 91.419.816 | 55.734.958 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

| | Skýr | A hluti Ársreikningur 2006 | A hluti Fjárhagsáætlun 2006 | A og B hluti Ársreikningur 2006 | A og B hluti Fjárhagsáætlun 2006 |
|---|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARHREYFINGAR** | | | | | |
| Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi ................ | | ( 2.286.695 ) | 1.309.495 | ( 4.316.503 ) | 1.766.514 |
| Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Söluhagnaður eigna .......................................... | | ( 3.279.449 ) | ( 3.216.103 ) | ( 4.832.116 ) | ( 3.366.835 ) |
| Reiknaðar afskriftir .......................................... | 27-30 | 2.237.089 | 2.106.338 | 8.279.529 | 7.233.073 |
| Verðbætur og gengismunur .............................. | 4 | 1.068.082 | 95.000 | 10.808.914 | 402.726 |
| Áhrif dótturfélaga og hlutdeild minnihluta ....... | | 0 | 0 | ( 1.926.040 ) | ( 83.281 ) |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar ........................ | 39 | 7.096.699 | 2.644.000 | 7.142.202 | 2.680.120 |
| Breyting tekjuskattsskuldbindingar .................. | | 0 | 0 | ( 3.739.626 ) | 0 |
| Önnur breyting ................................................ | | 480 | 0 | 33.781 | 0 |
| **Veltufé frá rekstri** | | **4.836.207** | **2.938.730** | **11.450.142** | **8.632.317** |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) ............................................. | | 0 | | ( 155.959 ) | |
| Óinnheimtar tekjur, (hækkun) .......................... | | ( 244.223 ) | | ( 1.041.642 ) | |
| Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun ..... | | ( 439.216 ) | | 279.525 | |
| Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun ............ | | ( 181.410 ) | | 664.075 | |
| Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins ............. | | ( 817.276 ) | | ( 1.727.997 ) | |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | **( 1.682.125 )** | **( 2.442.277 )** | **( 1.981.998 )** | **( 2.644.937 )** |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **3.154.082** | **496.453** | **9.468.144** | **5.987.380** |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR** | 21 | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum ...... | 31 | ( 5.750.634 ) | ( 6.479.800 ) | ( 30.957.528 ) | ( 26.044.307 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna ....................... | 32 | 5.540.093 | 4.209.050 | 5.994.241 | 4.318.671 |
| Breyting á eignarhlutum .................................... | | ( 98.265 ) | ( 56.000 ) | 1.287.210 | 91.000 |
| Skammtímaliðir vegna fjárfestinga .................... | | ( 1.592.520 ) | 0 | ( 843.580 ) | 31.416 |
| Langtímakröfur, breyting .................................. | | 5.232.564 | 7.228.000 | ( 15.151 ) | 630.491 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | **3.331.239** | **4.901.250** | **( 24.534.808 )** | **( 20.972.729 )** |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR** | | | | | |
| Tekin ný langtímalán .......................................... | | 35.215 | 3.693.000 | 17.202.697 | 20.829.929 |
| Afborganir langtímalána .................................... | | ( 6.341.304 ) | ( 10.073.013 ) | ( 3.116.843 ) | ( 6.327.899 ) |
| Innborgað hlutafé/aðrar breytingar á eigin fé ..... | | 0 | 0 | 47.014 | ( 26.600 ) |
| Skammtímafjármögnun ...................................... | | 0 | 0 | 1.108.554 | ( 491.496 ) |
| Arður ................................................................. | | 0 | 0 | ( 94.778 ) | ( 75.585 ) |
| Viðskiptastaða við eigin fyrirtæki, breyting ........ | | 64.355 | 0 | 0 | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | **( 6.241.733 )** | **( 6.380.013 )** | **15.146.643** | **13.908.349** |
| **HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ ....** | | **243.587** | **( 982.310 )** | **79.979** | **( 1.077.000 )** |
| **HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN ......................** | | **1.244.430** | **1.244.430** | **2.596.649** | **2.596.649** |
| **BREYTINGAR Á FÉLÖGUM Í SAMSTÆÐU .** | | **0** | **0** | **23.194** | **0** |
| **HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK .............................** | 14 | **1.488.018** | **262.120** | **2.699.821** | **1.519.649** |

# Skýringar

## Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Reykjavíkurborgar hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi borgarinnar og samantekinn árshlutareikning fyrir alla starfsemi hennar, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Til A hluta, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Skipulagssjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar, en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi borgarinnar eru Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga borgarinnar. Af viðskiptum milli rekstrareininga borgarinnar má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti á viðskiptastöðu og langtímalán vegna yfirfærslu eigna og fjárfestinga.

## Reikningsskilaaðferðir

### *Innlausn tekna*

2. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Skatttekjur eru útsvar, fasteignaskattar og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðaleiga.

Framlög til stofnkostnaðar og innheimt gjöld vegna framkvæmda eru tekjufærð í rekstrarreikningi á nýtingartíma fjárfestingarinnar, nema ef um óverulegar fjárhæðir er að ræða. Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Sama á við um styrki.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning á meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### *Lotun gjalda*

3. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

4. ***Verðlags- og gengisviðmið***

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok ársins. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### *Óefnislegar eignir*

**5.** Þróunarkostnaður er eignfærður í efnahagsreikningi sem óefnisleg eign, ef ásættanlegar líkur eru á því að verkefnið skili tekjum síðar. Kostnaðurinn er færður til gjalda á áætluðum nýtingartíma.

### *Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna*

**6.** Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum sem miðaðar eru við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Hjá A hluta eru kaup á áhöldum og tækjum undir 2,5 millj. kr. gjaldfærð.

### *Eignir teknar á leigu*

**7.** Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem eignaleigusamningar. Þess konar samningar geta verið um einkaframkvæmd eða fjármögnunarleigu. Varanlegir rekstrarfjármunir, sem aflað er með slíkum leigusamningum, eru færðir til eignar á matsverði, markaðsverði eða núvirði lágmarks leigugreiðslna við upphaf leigutíma, að frádregnum afskriftum.

### *Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna*

**8.** Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Byggingar, skrifstofu- og skólahúsnæði ........ | 40 ár |
| Aðrar byggingar ........ | 25-50 ár |
| Lóðir og lönd vegna skipulags ........ | 25 ár |
| Gatnakerfi ........ | 25 ár |
| Orkuveitan, dreifikerfi ........ | 5-50 ár |
| Orkuveitan, framleiðsla ........ | 5-50 ár |
| Áhöld og tæki ........ | 3-15 ár |

### *Eignarhlutir í félögum*

**9.** Í ársreikningi Aðalsjóðs eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir á kostnaðarverði, en bókfært verð eignarhluta Aðalsjóðs í árslok 2001 er þó óbreytt í ársreikningnum. Í ársreikningi A hluta er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna og er því ekki færð hlutdeild í afkomu félaga. Framlög A hluta til reksturs byggðasamlaga teljast hluti kostnaðar viðeigandi málaflokks.

Í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Í hlutdeildaraðferð felst að hlutdeild borgarinnar í afkomu og eigin fé hlutdeildarfélaga er færð í ársreikninginn, samanber skýringar 25 og 35. Eignarhlutir í félögum, þar sem borgin á minna en 20% eignarhlut, eru færðir á kostnaðarverði.

Niðurfærsla eignarhluta í félögum sem hafa orðið fyrir virðisrýrnun er reiknuð og færð í ársreikninginn að undangengnu mati.

## Skýringar, frh.

### *Langtímakröfur*

**10.** Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör að teknu tilliti til niðurfærslu, sbr. skýringu 11. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi á meðal veltufjármuna.

### *Niðurfærslur krafna*

**11.** Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi, sbr. skýringu 37. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

### *Birgðir*

**12.** Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

### *Skammtímakröfur*

**13.** Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra, sbr. skýringu 11 um niðurfærslu krafna.

### *Handbært fé*

**14.** Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

### *Eignir utan efnahagsreiknings*

**15.** Lönd og lóðir í eigu A hluta eru ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi, nema þau hafi verið keypt á undanförnum árum vegna skipulags eða lóðaúthlutunar. Fasteignamat þeirra lóða sem ekki eru eignfærðar nam 208.890 millj. kr. í árslok 2006.

### *Skuldbindingar*

**16.** Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna borgarinnar er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er færð í rekstrarreikning, sbr. skýringu 39.

Aðrar skuldbindingar í efnahagsreikningi eru að mestu leyti ábyrgðir Húsnæðisnefndar Reykjavíkur vegna byggingargalla.

### *Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign*

**17.** Tekjuskattsskuldbinding og tekjuskattsinneign félaga í B hluta er reiknuð og færð í ársreikninginn, en hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félaganna er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þeirra.

### *Langtímaskuldir*

**18.** Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok ársins eins og lánskjör segja til um, sbr. skýringar 40 og 41.

## Skýringar, frh.

### *Skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

**19.** Yfirlit um skuldbindingar og ábyrgðir borgarinnar utan efnahagsreiknings er birt í skýringum 43 til 45.

Skuldbindingar samkvæmt skýringu 43 eru annars vegar vegna loforða um framlög og styrki og hins vegar núvirtar greiðslur samkvæmt samningi um rekstrarleigu íþróttamannvirkis.

Leigusamningar, þar sem meginhluti ávinnings eða áhættu er ekki á ábyrgð borgarinnar, eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Árleg leigufjárhæð vegna slíkra samninga er gjaldfærð í rekstrarreikningi, en núvirt skuldbinding utan efnahagsreiknings er tilgreind í skýringu 43.

### *Fjárhagsáætlun*

**20.** Fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymi.

### *Yfirlit um sjóðstreymi*

**21.** Í fjárfestingarhreyfingum í yfirliti um sjóðstreymi er færð sú fjárfesting borgarinnar, sem hefur áhrif á handbært fé. Að auki er tilgreind sú fjárfesting, sem ráðist er í og fjármögnuð er með viðskiptaskuld eða lánssamningi.

## Rekstrartekjur

**22.** Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | **Ársreikningur 2006** | **Fjárhagsáætlun 2006** | **Ársreikningur 2006** | **Fjárhagsáætlun 2006** |
| *Skatttekjur* | | | | |
| *Útsvar:* | | | | |
| Staðgreiðsla ........................................................ | 33.287.737 | 31.998.800 | 33.287.737 | 31.998.800 |
| Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu ............... | ( 1.967.119 ) | ( 1.890.400 ) | ( 1.967.119 ) | ( 1.890.400 ) |
| | 31.320.618 | 30.108.400 | 31.320.618 | 30.108.400 |
| Eftirá álagt útsvar .............................................. | 2.396.674 | 0 | 2.396.674 | 0 |
| Skattbreytingar ................................................... | ( 1.006.200 ) | 0 | ( 1.006.200 ) | 0 |
| Breyting á niðurfærslu ....................................... | ( 600.000 ) | 0 | ( 600.000 ) | 0 |
| | 32.111.092 | 30.108.400 | 32.111.092 | 30.108.400 |
| *Fasteignaskattar:* | | | | |
| Fasteignaskattur ............................................... | 7.391.226 | 7.709.362 | 7.083.569 | 7.465.271 |
| Leiga af íbúðarhúsalóðum ................................. | 108.251 | 110.000 | 98.530 | 110.000 |
| Leiga af atvinnulóðum ....................................... | 331.499 | 357.279 | 327.778 | 357.279 |
| | 7.830.976 | 8.176.641 | 7.509.877 | 7.932.550 |
| *Framlög Jöfnunarsjóðs:* | | | | |
| Útgjaldajöfnunarframlag ................................... | 8.251 | 0 | 8.251 | 0 |
| Framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda ......... | 543.539 | 432.500 | 543.539 | 432.500 |
| Framlag vegna nýbúafræðslu ............................ | 6.645 | 5.250 | 6.645 | 5.250 |
| Önnur framlög vegna yfirfærslu grunnskóla ...... | 7.360 | 0 | 7.360 | 0 |
| | 565.794 | 437.750 | 565.794 | 437.750 |
| Skatttekjur samtals ............................................. | 40.507.862 | 38.722.791 | 40.186.763 | 38.478.699 |
| ***Aðrar tekjur*** | | | | |
| Þjónustutekjur .................................................... | 9.255.056 | 6.995.645 | 35.328.181 | |
| Eignatekjur ........................................................ | 415.338 | 345.165 | 933.551 | |
| Endurgreiðslur annarra ...................................... | 1.489.488 | 667.970 | 1.563.092 | |
| Aðrar tekjur ....................................................... | 4.213.733 | 5.862.702 | 7.365.971 | |
| Söluhagnaður eigna ............................................ | 3.279.449 | 0 | 3.496.004 | |
| Milliviðskipti tekin út ........................................ | ( 8.936.811 ) | ( 5.602.403 ) | ( 15.793.862 ) | |
| | 9.716.254 | 8.269.079 | 32.892.939 | 31.271.780 |
| Rekstrartekjur samtals ...................................... | 50.224.116 | 46.991.870 | 73.079.701 | 69.750.479 |

## Laun og launatengd gjöld

**23.** Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | A hluti | | A og B hluti | |
|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2006 | Fjárhagsáætlun 2006 | Ársreikningur 2006 | Fjárhagsáætlun 2006 |
| Laun | 20.787.513 | | 26.741.895 | |
| Launatengd gjöld | 4.202.984 | | 5.549.245 | |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 24.990.497 | 23.661.303 | 32.291.140 | 29.623.234 |
| Breyting áfallins orlofs | 318.510 | | 326.619 | |
| Millifærð laun / eignfærð laun | ( 588.654 ) | | ( 1.344.696 ) | |
| | 24.720.354 | 23.661.303 | 31.273.062 | 29.623.234 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingu | 7.096.699 | 2.644.000 | 7.142.202 | 2.680.120 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 31.817.053 | 26.305.303 | 38.415.264 | 32.303.354 |
| Stöðugildi að meðaltali | 6.254 | | 7.533 | |

Laun og launatengd gjöld vegna borgarráðs og borgarstjórnar námu 88,8 millj. kr. á árinu 2006.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

**24.** Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Arður af eignarhlutum | 1.589.491 | 66.977 |
| Ábyrgðargjald | 258.860 | 139.171 |
| Vaxtatekjur og verðbætur | 3.325.778 | 3.544.695 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 3.365.847 ) | ( 7.439.032 ) |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 44.283 ) | ( 51.640 ) |
| Söluhagnaður verðbréfa | 0 | 889.738 |
| Gengismunur | ( 601.997 ) | ( 9.091.642 ) |
| Annað | 0 | ( 32.782 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals | 1.162.004 | ( 11.974.516 ) |

## Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga

**25.** Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga greinist þannig:

| | A og B hluti |
|---|---|
| Austurhöfn TR ehf. | 25.030 |
| Landsvirkjun | 1.559.916 |
| Minjavernd hf. | 70.178 |
| Sorpa bs. - hlutdeildarfélög | 8.141 |
